



EYRAVEGI 29

SÍMI 482 1524 FAX 482 3008

800 SELFOSS

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1392

komudagur 12/4 1996

Nefndanefnd Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðsfélagsins Þórs um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni. Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Þórs, haldinn 11. apríl 1996 samþykkti svohljóðandi svar:

Verkalýðsfélagið Þór á Selfossi lýsir yfir furðu sinni á frumvarpi um breytingar á lögum stéttarfélög og vinnudeilur, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, þar sem vegið er gróflega að innra starfi stéttarféлага, auk þess sem lýðræði við afgreiðslu kjarasamninga og boðun verkfalla er afnumið og hætta á löngum verkföllum stóraukin.

Fundurinn krefst þess að frumvarpið verði tafarlaust dregið til baka.

Selfossi 11. apríl 1996
fh. Verkalýðsfélagsins Þórs

Ingibjörg Sigtryggisdóttir

Ingibjörg Sigtryggisdóttir
Verkalýðsfélagið Þór
Selfossi

Samrit sent öllum þingmönnum og miðstjórn ASÍ